

#### **4. Færni aðstoðarfólks - að veita öryggi**

##### **4.b. Að undirbúa notanda fyrir það sem stendur til**

Í þessum kafla er einnig rætt um færni aðstoðarfólks sem tengist því að fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning eigi oft erfitt með að lesa í aðstæður og laga sig að breytingum og finnur því oft fyrir óöryggi í nýjum aðstæðum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að margt aðstoðarfólk langar til að notandi geti upplifað sig sem mest sjálfstæðan og ekki eins háðan aðstoðarfólkinu sínu. Til þess að það sé hægt verður notandi að fá mjög góðan undirbúning þegar eitthvað stendur til, hvort sem það er að fara á námskeið eða að gera eitthvað annað í daglegu lífi sem notandi getur verið óvanur eða óöruggur með. Aðstoðarfólk gegnir mikilvægu hlutverki í því að undirbúa notanda fyrir það sem stendur til.

Ein leið til að undirbúa notanda fyrir það sem stendur til er að útbúa upplýsingasögu eða upplýsingablað með myndum og/eða texta eftir því sem hentar notanda best og fara vel yfir það með notanda áður en lagt er af stað í aðstæðurnar og jafnvel nokkrum sinnum á meðan hann er í aðstæðunum. Slíkur undirbúningur getur komið í veg fyrir að notandi upplifi óöryggi og stuðlað þannig frekar að því að hann geti tekið þátt.

Stundum er ekki hægt að undirbúa óvæntar upppákomur fyrirfram. Þá getur verið góð leið að grípa blað og blýant og brjóta ferlið niður með notanda, skref fyrir skref, í skrifuðum texta eða einföldum teikningum, jafnvel nokkrum sinnum til þess að veita öryggi. Stundum geta slík viðbrögð frá aðstoðarmanneskju gert það að verkum að notandi geti haldið áfram þátttöku í aðstæðum sem hann hefði annars þurft að fara úr vegna óöryggis og vanlíðunar.

Það er mikilvægt að æfa sig í að undirbúa notanda fyrir eitthvað sem stendur til og ekki síður: að æfa sig í að bregðast við í aðstæðunum ef notandi er óöruggur.

**Verkefni:** Vinnið saman tvö og tvö og hugsið um einn notanda sem þið þekkið bæði vel og sem hefur mikla þörf fyrir öryggi og að vita hvað stendur til.

- Hugsið um aðstæður þar sem hefði verið þörf á að undirbúa notanda betur fyrir það sem var framundan (t.d. kennslustund í Fjölmennt þar sem notandi gat ekki tekið þátt vegna óöryggis).
- Útbúið upplýsingasögu sem hægt hefði verið að nota til að undirbúa notanda betur.
- Hugsið líka hvernig hægt hefði verið að bregðast við í aðstæðunum. Prófið að brjóta ferlið niður í lítil skref og skrifa á blað eða teikna.